Menntaráð

Kópavogi, 6. nóvember 2024
2411420/999.00 RH

Efni: Leitað er heimildar menntaráðs til þess að fara í reglubundið endurmat á menntastefnu.

Leitað er eftir heimild menntaráðs til þess að fara í reglubundið endurmat á menntastefnu bæjarins.

Ferli um endurmat stefna sem sett var fram af hálfu stefnustjóra og stefnuráðs gerir ráð fyrir því að almennt fari fram endurmat stefna á þriðja ári frá sveitarstjórnarkosningum á tímabilinu október-apríl árið á eftir. Endurmat felur í sér rýni á því hvort ástæða þykir til að breyta einhverju. Ef svo reynist ekki vera þá er gert ráð fyrir því að fagráð staðfesti með bókun að ekki sé ástæða til breytinga að svo stöddu.

Menntastefna var síðast samþykkt af bæjarstjórn í október 2021 og átti að gilda til ársins 2030. Menntasvið leggur til að endurmatið fari að þessu sinni fram með þeim hætti að farið verði yfir núverandi stefnu á sameiginlegum fundi menntaráðs, leikskólanefndar og íþróttaráðs og óskað eftir ábendingum og umræðu frá fulltrúum í viðeigandi nefnd/ráði ef einhverjar eru um breytingar sem varða málaflokk nefndar/ráðs.

Í samræmi við ferli þá verði starfsfólk menntasviðs búið að rýna stefnuna fyrir fyrstu fundina með hliðsjón af mögulegum breytingum á lögum og reglum, mælingum og öðrum atriðum sem máli skipta og koma með ábendingar um æskilegar breytingar á menntastefnu ef þörf er á.

Starfsfólk menntasviðs vinni svo úr mögulegum ábendingum viðeigandi nefnda/ráða og leggi uppfærð drög fyrir menntaráð til lokavinnslu og samþykktar. Lokaskjal úr menntaráði verður lagt fyrir leikskólanefnd og íþróttaráð til yfirlestrar hvað þeirra málaflokk varðar áður en það er lagt fyrir menntaráð til samþykktar.

Leiðbeiningar frá stefnustjóra um samræmingu á útliti stefna gera meðal annars ráð fyrir að hér eftir komi einungis fram tímasetning samþykktar bæjarstjórnar á stefnu en þær hafi ekki gildistíma. Stefnur halda því gildi sínu nema að þeim sé breytt með samþykki bæjarstjórnar. Meðal annarra atriða þá er kaflinn fremst Um stefnuna samræmdur af stefnustjóra á milli stefna, og ef ráðið telur ástæður til breytinga á menntastefnunni þá myndi stefnustjóri vilja leggja til breytingu samhliða á fremsta kaflanum. Auk þess má nefna að gert er ráð fyrir að stefnur séu hnitmiðaðar, lausar við orðskrúð og að jafnaði ekki lengri en fjórar blaðsíður þegar um stefnur málaflokka að ræða.

Virðingarfyllst,

Auður Finnbogadóttir
Stefnustjóri

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðstjóri menntasviði

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026